

95 laga, sje að yðar ætlun að eins átt við fiskitegundir þær, sem venjulega hafa
 11. júl. verið útfluttar hjeðan, sem sje þorskkynjaða fiska, þorsk, ísu, löngu, keilu og upsa, en ekki við allar fisktegundir yfir höfuð, eins og ljóst sje af því, að sjerstakt gjald sje lagt á síld og lax, og sje það álit yðar, að heimild bresti til þess að heimta útflutningsgjald af kola.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg af ástæðum þeim, er þjer þannig hafið tekið fram, og með því að sú skoðun, að koli falli ekki undir 2. lið í 2. gr. í nefndum lögum, enn fremur styrkist af því, að gjaldið er þar reiknað eptir tölu en ekki eptir þyngd eða ílátamáli, hlýt jeg að vera yður samdóma um það, að heimild bresti til að heimta gjald af niður-söltuðum kola.

96 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um
 4. ágúst. hve verja skuli styrkshluta suðuramtsins af gullbrúðkaupssjóði Bjarna amtm. Þorsteinssonar og konu hans árin 1892—1894. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmáður, dags. 19. f. m., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg er því samþykkur, að styrk þeim, sem þetta ár og tvö næstu ár (1892—1894 incl.) á að hlotnast Suðuramtinu af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur sje varið til brúargjörðar á Hólmsá við austanverðan Mýrdalssand, eins og hlutaðeigandi amtsráð hefur lagt til, en styrkurinn getur ekki orðið útborgaður fyrr en verkið er komið á þann rekspöl, að vissa er fyrir að því verði framgengt.

97 Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli
 9. ágúst. til húsakaupa og jarðabóta. — Samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 5. þ. m. og eptir beiðni prestsins að Borg á Mýrum, sjera Einars Friðgeirssonar, er hlutaðeigandi prófastur hefir mælt með, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki lán handa Borgarprestakalli, að upphæð 2000 krónur, gegn veði í tekjum prestakallsins, til þess að hann fyrir annan helming lánsins, eða 1000 krónur, kaupi handa prestakallinu timburhús það, er hann hefur byggt á prestssetrinu, og þann hluta baðstofunnar, sem hann á sjálfur, en að hann fyrir hinn síðari helming lánsins byggi heyllöðu, er taki 400 til 500 hesta af heyi, og sje með járnþaki og járnlögð utan á grindum gegn veðuráttum, en timburklædd mót norðri og vestri, og að hann fyrir það, sem þá yrði eptir af þessum síðari helmingi lánsins, afgirði hið forna Borgarengi, er liggur með fram vikinni innanverðri milli túnsins á Borg og Borgarnessins, og haldi girðingunni svo áfram með túninu á tvo vegu, þannig, að engjaefni þetta ásamt túninu verði afgirt á þrjá vegu, og að hann enn fremur þurki upp tjeð engjaefni og túnmýrarnar, sem liggja inni í sjálfu túninu.

Lántökuleyfið er bundið þeim skilyrðum:

1. Að lánið sje að fullu endurborgað eigi síðar en á 28 árum.

2. Að presturinn haldi timburhúsinu og baðstofunni, sem hvorttvegja er orðið eign prestakallsins þegar fyrri helft lánsins er tekin, vel við, og að hann eða dánarbú hans á sínum tíma skili hvorutveggja í góðu standi eða með fullu álagi. 97
9. ágúst.
3. Að húsinu og baðstofunni sje jafnan haldið í váttryggingu fyrir eldsvoða fyrir eigi minna en 1000 — eitt þúsund — krónum, hjá brunabótafjelagi, er hefur umboðsmann á Íslandi.
4. Að helmingur lánsins sje eigi tekinn fyrri en presturinn með lögmætri skoðunargjörð hefur sannað fyrir prófasti, að bæði hlaðan og jarðabæturnar sjeu svo gjörðar, sem að framan er til tekið, og að hvorttvegja sje vel og vandlega af hendi leyst.

Skýrsla

98

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 1.—3. júní 1892.

Ár 1892, miðvikudaginn 1. júní, var aðalfundur amtráðs Norðuramtsins settur á Akureyri og haldinn af amtmanni J. Havsteen, forseta amtráðsins ásamt amtráðsmönnum Benedikt Blöndal í Hvammi, Ólafi Briem á Álfgæirsvöllum, Magnúsi Sigurðssyni á Grund og Einari Ásmundssyni í Nesi.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Var kosinn skrifari fundarins Ólafur Briem samkvæmt 50. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.

Ennfremur ákveðið, að verja mætti til skripta við amtsráðið milli funda 50 kr.

2. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 25. apríl f. á., sem prentað er í Stjórnartíðindunum 1891, B, bls. 156—157, um skiptin á sjóðum, eignum og skyldum Norður- og Austuramtsins, og ennfremur brjef amtsins 14. maí s. á., um tillögur þess viðvikjandi þessari skipting, sem fram fór um síðastliðin áramót.
3. Fram var lagður reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins 1891 með fylgiskjöllum. Við reikning þenna fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.
4. Fram voru lagðir eptirfylgjandi reikningar ýmsra sjóða fyrir 1891:
 - a. Búnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins.
 - b. Búnaðarskólasjóðs Norður- og Austuramtsins, sem nú til heyrir Norður-Þingeyjarsýslu.
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Prentsmiðjusjóðs Norður- og Austuramtsins.

Reikningar þessir voru endarskoðaðir og var ekkert að reikningunum a, b og d fundið, en því leyti, er snerti reikninginn c, úrskurðaði amtsráðið 54 kr. 30 a. ábyrgð á hendur fyrrum sýslumanni í Eyjafjarðarsýslu, St. Thorarensen.